

Nr. 003 / 11 Eldborg EK 105**Sigldi á ísjaka og leki kemur að olíutanki**

Skipaskr.nr. 1383
IMO nr 7362524
Smíðaður: Gydynja Póllandi 1974 stál
Stærð: 913 brl. 1403 bt.
Mesta lengd: 71,43 m Skráð lengd: 65,76 m
Breidd: 11,3 m Dýpt: 7,3 m
Vél: Sulzer Zgoda 2207 kW
Fjöldi skipverja: 20



Gögn:
Gögn RNS

Eldborg ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:


Þann 7. janúar 2011 var Eldborg EK 105 að togveiðum með rækjutroll vestan miðlínu milli Íslands og Grænlands á stað 66°19'N og 30°20'V. Veður N 3m/sek. snjókoma.

Þegar verið var að kasta trollinu sigldi skipið á ísjaka sem sást hvorki í ratsjá né í ljósi frá tveimur „ískösturum“. Við könnun á skemmdum og við lekaleit kom í ljós að sjór var kominn í einn olíutank og dæld á súð stjórnborðsmegin í vélarúmi. Skipverjar urðu varir við að rífa var á bógnum neðan sjólinu inn í tankinn en enga olíubrák sást leggja frá skipinu.

Hætt var við köstun, trollið tekið inn og siglt til Íslands.

Við rannsókn kom fram:

- að Landhelgisgæslan gerði hafískort þann 4. janúar 2011 kl. 17:00 til 18:00 sem er hér til hliðar. Fram kemur í skýrslu með kortinu að nokkur skip hafi verið að veiðum við hafísröndina og sem upplýstu að yfirborðssjávarhiti hafi verið frá -0,9°C við ísröndina upp í 7,5°C utan hennar.



- að sögn skipstjórnarmanns (fiskiskipstjóra) eru einstaka ísjakar í sama lit og sjórinn (gegnstærir eða svartir) og sjást því illa þótt notaðir séu ljóskastarar (ís - kastarar). Þá sjást þeir ekki í ratsjá;
- að áreksturinn varð á stað 66°19'N og 30°20'V sem er rétt utan við ískönnunarkort LHG eða þar sem bláa örin bendir á og því nokkuð innan við ísröndina eins og hún var á athugunartímanum;
- að í tanknum var svartolía af gerðinni IFO 30 með lágmarksrennsli niður í -15° til 20°C ;
- að skipverjar sögðust ekki hafa orðið varir við að olíu legði frá skipinu á siglingunni og ekki heldur við komu í höfn;
- að sögn skipverja fór olían fyrst að leka út eftir að kafari rak hníf inn í rifuna við skoðun á skemmdum eftir að skipið var komið til Hafnarfjarðar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir skipstjórnarmönnum á að gæta ýtrasta öryggis á veiðum inn í ís.